# Fjarfundur AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

**Fundur 15. febrúar 2021 kl. 13:00**

**Mætt:** Úlfar Lúðvíksson (LSS), (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Sigurgeir Sigmundsson (LSS), Arngrímur Guðmundsson (LSS), Fjölnir Freyr Guðmundsson (HSS), Andrea Hauksdóttir (HSS), Alma Rögnvaldsdóttir (HSS). Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Halldóra G. Jónsdóttir (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD), Hannes Friðriksson (VE), Ásmundur Jónsson (GRI

Lögreglustjóri stýrði fundinum sem var stuttur og hnitmiðaður. Staðan mjög góð í sveitarfélögum umdæmis eins og kom fram hjá fundarmönnum.

Tvær fyrirspurnir bárust á fundinum;

**Halldóra G. Jónsdóttir**, aðstoðarmaður bæjarstjóra Reykjanesbæjar, kom með fyrirspurn um hvort rýmkaðar reglur heimiluðu að tveir starfsmenn með vinnuaðstöðu á lítilli skrifstofu væru innan tveggja metra fjarlægðarinnar. Úlfar sagðist áður hafa fengið þess fyrirspurn í tölvupósti frá bæjarstjóra Reykjanesbæjar og svarað henni á þá leið að fyrirspurnin yrði rædd á næsta AST fundi. Fyrirspurninni var á fundinum vísað til Fjölnis Freys, sem svaraði á þá leið að enn væri í gildi reglan varðandi almenna vinnustaði að tryggt skuli að a.m.k. tveir metrar séu á milli einstaklinga sem ekki væru í nánu tengslum *(4. gr. reglugerðar nr. 123/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar).*

**Magnús Stefánsson,** bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, bar fram fyrirspurn hvort bólusetningar starfsmanna barnaverndar væru ekki fyrirhugaðar á næstunni. Nefndi hann þar dæmi starfsmenn bæjarfélagsins hafi þurft að sinna verkefni í flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem varðaði barn sem talið var að væri smitað, sem síðar reyndist þó ekki vera. Áhyggjur væru af smithættu af þessu tilefni, hvort sem um væri að ræða börn eða fullorðna.
Fjölnir Freyr mundu hafa samband við sóttvarnalækni og koma hans svörum á framfæri.

Fundi slitið klukkan 13:16.
Gunnar Ó. Schram, yfirlögregluþjónn